

KIRKJUGARÐARÁÐ

1. fundur haldinn 23. september 2002 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Karl Sigurbjörnsson biskup, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri, sr. Lára G. Oddsdóttir fulltrúi kirkjubings, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands og Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs.

1. Biskup bauð fundarmenn velkomna og setti 1. fund Kirkjugarðaráðs

Biskup gerði að tillögu sinni að í ljósi hefðar annist þjóðminjavörður fundarritun. Var það samþykkt samhljóða.

2. Staða framkvæmdastjóra

Guðmundur Rafn Sigurðsson vék af fundi við umræður um málið. Samþykkt samhljóða að ráðningarsamningur við Guðmund Rafn yrði endurnýjaður í samræmi við lagasetningu. Formanni falið að ganga frá ráðningarsamningi.

3. Fundartími

Samþykkt að halda mánaðarlega fundi yfir vetrartímann (september-maí) annan mánudag hvers mánaðar kl. 11-13. (samkv. þessu verða fundirnir í vetur mánudagana 14. okt, 11. nóv, 9. des, 13. jan, 10. feb, 10. mars, 14. apríl og 12. maí.

4. Gjaldalíkan fyrir kirkjugarða

Þórsteinn kynnti málið og Þórsteinn og Guðmundur Rafn kynntu þá vinnu sem unnin hefur verið varðandi nýtt gjaldalíkan fyrir kirkjugarða. Góður rómur var gerður að hugmyndum að hinu nýja gjaldalíkani. Kirkjugarðaráð væntir þess að niðurstaða verði lögð fyrir ráðið um áramótin. Í framhaldi verði tekin ákvörðun um hvernig málið verði unnið áfram.

5. Legsteinasamkeppni

Guðmundur Rafn kynnti málið ásamt Þórsteini. Opnun verður í Fossvogskirkjugarði 2. október n.k. á sýningarreit. Tilgangur er að auka listrænt gildi minningarmarka í kirkjugörðum landsins og er því um listviðburð að ræða (sjá grein í Bautasteini 1. tb, 7. árg apríl 2002, bls. 14-15).

6. Verk í vinnslu

Guðmundur Rafn flutti skýrslu framkvæmdastjóra um verkefni sumarsins.

7. Önnur mál:

- Rætt um fjárlagaerindi til Fjárlaganefndar Alþingis vegna jarðskjálftaskemmda í kirkjugörðum á Suðurlandi. Guðmundi Rafni falið að hafa samband við forsætisráðuneytið vegna málsins.
- In memoriam.

Þórsteinn gerði grein fyrir því að uppbygging gagnagrunns gengi vel. Sótt hafi verið um styrk til Kristnihátíðarsjóðs. Gerður hafi verið samningur við Morgunblaðið um að fá að birta efni úr minningargreinum á garður.is

- c) Kirkjugarðaráð samþykkti að senda Steingrími Ingvarssyni kveðjur og þakkir.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15:30.

Karl Sigurbjörnsson, formaður

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari